

BORGARRÁÐ 9. febrúar 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um verkefnastjóra framtíðarinnar - MSS23020062

Reykjavíkurborg auglýsti nýlega eftir verkefnastjóra framtíðarinnar. Starfsyfirlýsingin var svohljóðandi: „Umhverfis- og skipulagssvið leitar að verkefnastjóra til að taka þátt í mótun nýrrar verkefnastofu. Á verkefnastofu er unnið eftir hugmyndafræði verkefnastjórnunar, verkefnum er fylgt eftir frá upphafi til enda þvert á verkþætti og ábyrgðasvið fagskrifstofa. Verkefnin krefjast mikillar samvinnu teymismeðlima og allra hagsmunaaðila sem koma að verkefnum verkefnastofu. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í faglegu starfsumhverfi þar sem áhersla er á teymisvinnu og góða þjónustu. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri verkefnastofu.“ Óskað er eftir nánari útskýringum á því hvað felst í starfinu, t.a.m. með dæmum um hvernig verkefnum á að sinna. Einnig er óskað skýringa á því hvernig þetta fellur að samþykkt borgaryfirvalda varðandi tímabundnar ráðningareglur þar sem áhersla var sett á aðhald í ráðningum með áherslu á að manna störf í grunnþjónustu. Fellur þetta starf undir grunnþjónustu?